



Svar við fyrirspurn

Efni: Yfirlit yfir kostnað við viðhorfskönnunarfyrirtæki sem borgin hefur verið í viðskiptum við sl. átta ár

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn innkaupa- og framkvæmdaráðs, dags. 29. maí 2020. Fyrirspurnin var borin upp á fyrsta fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs þann 28. maí sl. af fulltrúa Sjálfstæðiflokks. Beðist er velvirðingar á því hversu seint svarið berst við fyrirspurninni.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er eftir yfirliti og kostnaði við öll viðskipti við viðhorfskönnunarfyrirtæki sem borgin, þar með talið einstaka skrifstofur og/eða svið borgarinnar, síðastliðin átta ár. Óskað er eftir sundurliðun á fyrirtækin, þ.e. Capacent, Maskínu, MMR, Center og Félagsvísindastofnun.“

Svar:

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur tekið saman yfirlit yfir kostnað vegna viðskipta Reykjavíkurborgar sl. átta ár við fimm viðhorfskönnunarfyrirtæki, sundurliðað niður á skrifstofur og svið borgarinnar. Í fyrirspurninni eru tiltekin þau fyrirtæki sem fyrirspurnin lýtur að.

Nefnd fyrirtæki bjóða upp á víðtæka og afar ólíka þjónustu. Þessu til frekari skýringa er vert að taka fram að Reykjavíkurborg hefur keypt mjög ólíka þjónustu af hverju fyrirtæki og má í dæmaskyni nefna ráðningarþjónustu, ýmiskonar ráðgjöf, bóka- og tímaritakaup, útlánsefni, þjónustu lækna, hjúkrunarfræðinga, og sjúkrabjálfa, vinnu frá rannsóknarstofum HÍ, ýmiskonar sérfræðiþjónustu s.s. endurskoðenda og rekstrarráðgjafa, tölvu- og hugbúnaðarþjónustu, auglýsingar, skoðanakannanir, áskriftir að ýmsu kennsluefni og afnot af fjölmiðlum, skráarsöfnum og lénum m.a. fyrir leik- og grunnskóla, samstarfssamningar ýmiskonar og aðkeypt vinna, fundagjöld, ráðstefnur, námskeiðs- og skólagjöld, styrkir til forvarna- og fræðslumála, aðrir styrkir, aðkeypt þjónusta og svo mætti áfram telja.

Í samantektinni hér að neðan má sjá heildarviðskipti allra viðhorfskönnunarfyritækja við borgina á átta ára tímabili. Einnig er meðfylgjandi skjal sem sýnir sömu viðskipti niður á einstaka skrifstofur og svið.

Summa af Fjárhæð	Dálkamerki										
Línúmerki		2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Heildarsumma
Capacent ehf		21.797.777	23.404.360	22.837.469	31.785.479	13.162.135	11.428.891	44.424.085	31.848.428	10.150.297	210.838.921
GI rannsóknir ehf.					3.674.914	5.618.926	2.931.909	2.246.335	1.470.804	855.700	16.798.588
Háskóli Íslands		24.428.955	17.211.096	22.477.307	34.729.742	31.251.312	38.398.067	51.513.147	50.094.384	22.361.265	292.465.275
Markaðs- og miðlarannsóknir ehf		1.150.000									1.150.000
Markaðsmenn ehf		26.355	16.316	20.080	17.360	42.780	43.400	31.000	254.200	49.600	501.091
Maskína-rannsóknir ehf			240.000		1.468.800	1.530.000	5.791.199	6.323.214	4.581.224	750.000	20.684.437
Heildarsumma		47.403.087	40.871.772	45.334.856	71.676.295	51.605.153	58.593.466	104.537.781	88.249.040	34.166.862	542.438.312

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og óhættustýringarsviðs